



# **NOTENDALEIÐBEININGAR FYRIR**

## **DOLOMITE MAXI +**

**Trönuhrauni 8  
220 Hafnarfjörður  
Sími 565 2885 / Fax 565 1423  
stod@stod.is / www.stod.is**



## DOLOMITE MAXI+



Það má hvorki nota grindina sem hjólastól né til þess að flytja á henni fólk.



Notkunarleiðbeiningar.



Lesið notkunarleiðbeiningarnar vandlega.  
Göngugrindina má nota bæði úti og inni

**Öryggisreglur**

Það má hvorki standa á grindinni né nota hana til þess að flytja á henni fólk.

Sætið má eingöngu nota til þess að sitja á því.

Það má ekki sitja á sitja á grindinni og draga sig áfram með fótunum.

Þegar setið er á grindinni eiga báðar bremsurnar að vera læstar.

Þrýstið grindinni alveg út áður en þið gangið af stað.

Grindina má einungis nota sem gönguhjálpartæki.

Sýnið aðgát við notkun í halla.

Farið varlega með þungan farangur.

Farangur má aðeins vera í körfu eða á bakka. Hámarksþyngd farangurs í körfu er 9 kg og á bakka 5 kg.

ATH. Gætið þess að farangur þrýsti ekki á öryggisspennuna .

A Karfan sett á.

B Bakkinn settur á.

Upplyftanlegt sæti.

Það er hægt að lyfta upp sætinu til þess að fá aukið hreyfirými.






Grindin lögð saman.

Þrýstið öryggislæsingunni niður.

Takið upp sætisrörið.

Grindin opnuð.

Þrýstið sætinu niður til þess að rétta grindina út. Gætið þess að öryggislæsingin sé fest.



**Akstursbremsur**

Togið upp bæði bremsuhandföngin

**Stöðubremsur.**

Þrýstið bremsunum niður.

Það heyrir greinilegur smellur þegar bremsurnar eru í réttri stöðu.

Þegar grindin er kyrrstæð og þegar setið er á henni eiga báðar bremsurnar alltaf að vera læstar.

Togið upp bremsuhandföngin til þess að losa bremsurnar.

**Stilling á bremsum**

Ef bremsurnar eru slakar þarf að stilla bremsuvírinn.

Notið fastlykla 8 og 10 mm. ( fylgja ekki).

**Aksturshandföng.**

Standið aftan við göngugrindina og stillið handföngin í rétta hæð.


Venjulega eru handföngin stillt þannig að þau nemi við úlnlið.

Ef annars er óskað hafið samband við meðferðaraðila.

**Til þess að stilla handföngin.**

Losið snerlana. Takið skrúfunar úr og stillið handföngin í rétta hæð.

Setið skrúfurnar í aftur, passið að skrúfuhousinn falli í, og herðið snerlana.



## Viðhald- Öryggisatriði.

Til þess að virkni og öryggis sé gætt þarf eftirfarandi að vera í lagi.  
Þrífið göngugrindina með venjulegu þvottaefni.. Þurrkið með mjúkum klút.

Haldið hjólunum hreinum.

Yfirfarið skrúfur og herðið upp ef þörf krefur.

Notið ekki grindina ef hún er ekki í fullkomnu lagi.

Hafið samband við söluaðila. Reynið ekki að gera við grindina sjálf.

**ATH!** Grindina má eingöngu nota sem gönguhjálpartæki.

Hámarksþyngd notanda **MAXI+** er 200 kg.

Ef gerðar eru breytingar á grindinni án samráðs við ábyrðaraðila **DOLOMITES** fellur ábyrgð niður.

## Tæknimerkingar á Dolomite Maxi+

- 1 Vörunúmer
- 2 Heiti
- 3 Seríunúmer
- 4 Framleiðsluár
- 5 Hámarksburðarþyngd.
- 6 ATH sjá leiðbeiningar
- 7 Notkun innan og utanhúss
- 8 Hámarksbreidd
- 9 Nafn framleiðanda

